

Stúdentaráðsfundur			
Dags. fundar	Tími	Staður	Nr. fundar
26.02.20	17:00	Lögberg stofa 102	11
Fundarboðandi	Fundarritari		Dags. rituð
Jóna Þórey Pétursdóttir	Helga Lind Mar		26.02.20
Fundaraðilar mættir			

Félagsvísindasvið:

Róbert Ingi Ragnarsson (RIR) (R)
Ingveldur Anna Sigurðardóttir (IAS) (V)
Lilja Guðmundsdóttir (LG) (R)
Adda Malín Vilhjálmsdóttir (AMV) (V)
Tinna Líf Jørgensdóttir (TLJ) (R)
Bergþóra Ingbórsdóttir (BI) (V) fyrir Úlfur Traustason (ÚT) (V)
Viktor Örn Ásgeirsson (VÖÁ) (R)

Heilbrigðisvísindasvið:

Azra Crnac (AC) (V)
Eyrún Baldursdóttir (EB) (R)
Freydís Þóra Þorsteinsdóttir (FPP) (R)
Ragna Kristín Guðbrandsdóttir (RKG) (V)
Vigdís Ólafsdóttir (VÓ) (R)

Hugvísindasvið:

Eva Ragnarsdóttir Kamban (ERK) (R)
Derek Terell Allen (DTA) (V)
Ragnhildur Þrastardóttir (RP) (R)
Snorri Björn Magnússon (SBM) (R) fyrir Þórdís Dröfn Andrésdóttir (ÞDA) (R)
Þórhildur Elísabet Þórsdóttir (ÞEP) (R)

Menntavísindasvið:

Sigurður Vopni Vatnsdal (SVV) (R)
Kolbrún Lára Kjartansdóttir (KLK) (V)

Verkfræði- og náttúruvísindasvið:

Aðalbjörg Egilsdóttir (AE) (R)
Ásmundur Jóhannsson (ÁJ) (R)
Jessý Rún Jónsdóttir (JRJ) (R)

Aðrir (án atkvæðisréttar):

Jóna Þórey Pétursdóttir, forseti Stúdentaráðs (JPP)
Benedikt Traustason, varaforseti Stúdentaráðs (BT)

Helga Lind Mar, framkvæmdastýra Stúdentaráðs (HLM)

Fundarmenn fjarverandi og án varamanns:

Félagsvísindasvið:

Heilbrigðisvísindasvið:

Hugvísindasvið:

Menntavísindasvið:

Andrea Ósk Sigurbjörnsdóttir (AÓS) (R)

Björnfríður S Björnsdóttir (BSB) (V)

Hrannar Rafn Jónasson (HRJ) (R)

Verkfræði- og náttúruvísindasvið:

Guðrún Karitas Blomsterberg (GKB) (V)

Einar Halldórsson (EH) (V)

Fundardagskrá

Stúdentaráðsfundur 26. febrúar L-102 105 kl. 17:00

1. Fundargerð síðasta fundar borin upp til samþykktar (atkvæðagreiðsla) 17:00-17:05
2. Tilkynningar og mál á döfinni 17:05-17:15
3. Skrásetningargjöld (atkvæðagreiðsla) 17:15-18:00
4. Hlé 18:00-18:10
5. Samgöngumál í HÍ og tillögur starfshóps um bílastæðamál 18:10-19:00
6. *Bókfærð mál*

Rebekka Karls fyrir Jessý

Fundargerð síðasta fundar borin upp til samþykktar (atkvæðagreiðsla) 17:00-17:05

- Einróma samþykkt
- Dagskrárbreytingartillaga um að hafa önnur mál til viðbótar í lok fundar:
 - *Einróma samþykkt*
- Kolbrún klapppema
 - Borð, borð og klapp.

Tilkynningar og mál á döfinni 17:05-17:15

Jessý kemur inn

- Tölvupóstur frá FS vegna vígslu hússins á morgun! Öll velkomin að koma á vígslu Mýrargarða á morgun. Þurfið að staðfesta komu með tölvupósti.
- Félagi ársins - tilnefning SHÍ er Aðalbjörg Egilsdóttir
- Sjálfbærni SP - barst ein umsókn og var það Rebekka Karlsdóttir
- Fundur með Landvernd í næstu viku. Ef það verður gengur vel þá getum við flaggað gænfánanum í næstu viku. VÚH.

Skrásetningargjöld (atkvæðagreiðsla) 17:15-18:00

- Á fundi háskólaráðs var tekin umræða um hækkun skrásetningargjalda við HÍ í 104þúsund krónur:
 - *“Fyrir fundinum lá minnisblað um skrásetningargjald við háskóla landsins og viðmiðun þess við verðlag. Guðmundur gerði grein fyrir málinu og var það rætt. Fram kom m.a.í minnisblaðinu að skrásetningargjaldið ætti að vera um 104.000 kr. árið 2020 og um 107.000 kr. árið 2021 ef miðað er við forsendur núverandi fjárlaga um verðhækkanir og gert ráð fyrir 3% hækkun verðlags á milli ára. Í ljósi þessa er mikilvægt að óskað verði eftir viðræðum við mennta- og menningarmálaráðuneytið um fjárhæð skrásetningargjalds fyrir árið 2021.*
 - *– Eftir umræður var samþykkt með átta atkvæðum að fela rektor að taka málið upp við rektora annarra opinberra háskóla og við mennta- og menningarmálaráðherra, en fulltrúar stúdenta greiddu atkvæði á móti.”*
- Kaflar 1-3 í samantekt SHÍ um skrásetningarmál snúa helst að hækkuninni og aðgengi að háskólanámi, meðan kafli 4 snýst um réttmæti skrásetningargjaldsins yfir höfuð og er það það sem kvörtun til umboðsmanns alþingis myndi snúast um. Þeir kaflar eru auðvitað bara spurningar og vangaveltur sem á eftir að fá svör við frá þar til bærum aðilum.
- Skjalið "drög að yfirlýsingu" er samantekt á sjónarmiðum í köflum 1-3 og er lokaklausan til að upplýsa um að það þarf að fá úr því skorið hvort gjaldið sé réttmætt

- Í möppunni gögn til upplýsinga hef ég sett nánast allt sem við erum búin ða vinna með og öll gögn og uppl. sem við höfum fengið til okkar. Við óskuðum eftir minnisblaðinu sem lá fyrir háskólaráðsfundinum en fengum það ekki afhent.
- Í fundargögnum fyrir þennan fund, er um að ræða drög að samantekt málsins.
- Forseti SHÍ fer yfir hvert ferlið hefur verið á skrifstofu ráðsins eftir að fundargerðin kom á netið fimmtudaginn, 13. febrúar. Hef óskað eftir fundi með lilju alfreðsd. 24. febrúar sl. Samkvæmt fundi með umboðsmanni alþingis er ekki nauðsynlegt að beina málinu fyrst til háskólaráðs. Ósk eftir upplýsingum og rökstuðningi frá skólanum dugar og hafa þau gögn borist. 2014 voru skrásetningargjöldin einnig hækkuð. Það sem er að gerast núna þá erum við að skoða alla kostnaðarliði og hvort þeir standist lög um opinbera háskóla. Forseti óskar eftir að skitpa umræðum í tvennt og ræða fyrst hækkunina og þar með umræðum um fyrstu þrjá kaflana.
- Umræður:
 - EB: Góð og skjót vinnubrög hjá ykkur. Mér finnst þið ekki vera að yfirsjást neitt. Ánægð að yfirlýsingin sjálf er á mannamáli. Samantektin verður bara send hvert?
 - J: Yfirlýsingin er það sem við viljum dreifa og setja í fréttamiðla. Súmmering. Samantektin er eitthvað sem er samt allt í lagi að senda t.d. á BHM og aðra hagaðila sem geta hjálpað okkur að beita þrýstingi.
 - AE: Hrósa okkur fyrir þessa vinnu. En eitt komment, í samantekinni stendur að skrásetningargjöld í Noregi séu hátt í 13.000 en í hinu skjalinu 22.000. Þarf ekki að samræma tölurnar?
 - J: Við fórum og töludum bæði við NORM en líka tengilið sem hefur þekkingu á norska háskólakerfinu og tölurnar urðu mismunandi út frá því - en munum fara eftir því sem kom frá landssamtökunum í Noregi.
 - AE: Höfum við ekki heyrt í nemendafélögum hinna skólanna?
 - Jóna missti af LÍS fundi í gær þar sem hún var að undirbúa þennan fund. En í kjölfarið þurfa þessi samtök nemenda mögulega að samrýma sína stöðu.
 - RÞ: Frábært líka að við erum ekki að berjast bara á móti hækkun heldur líka að berjast gegn lögmæti gjaldsins til að byrja með og hvernig þetta er nýtt sem fjáröflun vegna undirfjármögnunar
 - DTA: Hrósa okkur líka. Er með spurningu varðandi með könnunina, hvenær þessar rannsóknir voru framkvæmdar.
 - Birt 2017. Eurostudent. Það er tengill inná hana í umsögninni sjálfri.
 - IAS: í samantekinni þá vantar að taka það inni að þetta gerir HÍ minna samkeppnishæfan. Afhverju ætti maður ekki bara að fara þá í HR? Þegar það er orðið svona lítill munur,
 - J: viltu bæta því inn?
 - IAS: Já, undir núverandi skrásetningarjöld.
 - RÞ: Spá með það sem IA sagði; eru þau eitthvað að pæla í því? Á þetta heima þar?
 - IA: Já telur það eiga við.
 - J: Yfirstjórn HÍ mun fíla þennan punkt.
 - Mælendaskrá um þennan hluta lokið og þá vill forseti fara í fyrri fjórar málsgreinarnar draga að yfirlýsingunni
 - Eru breytingatillögur?
 - AE: Er að spá
 - RÞ: málfræðivillur
 - J: Sýnir smá Graff sem verður vonandi birt með yfirlýsingunni til að gera grein fyrir þessu myndrænt. Gæsalappir, tungumál, skýrleiki, er það ekki skýrt hvernig þetta kemur saman?

- KL: Fannst orðalagið skrýtið? Ráðið ráðist í. Ekki með breytingartillögu samt
- Bergþóra kemur inn 17:22
 - Tinna: Vita ekki allir að það er að koma hækkun. Verður það skýrt?
 - KL: Breytingatillaga; Stúdentaráð ræðst í -
 - RÞ: vill að það komi inn hvenær könnunin var gerð.
- Jóna fer í seinni hluta umræðna um forsendur skrásetningargjaldsins sjálfs:
 - Þessi lagaheimild er bundin tveimur skilyrðum
 - Mega ekki skila hærri tekjum heldur en útgjöld háskólans vegna skráningar og þjónustu
 - Þjónustan sem rukkað er fyrir má ekki vera kennsla eða rannsóknir
- IAS: Ætlið þið að senda til umbá?
 - Jóna: Já í nafni HLM
- RÞ: Prentarar? En við erum að kaupa okkur prentkvóta? Bæta því við?
- ÁJ: Flott að nota þetta mál til að skoða hvernig þetta sé í raun og veru nú þegar og hvort það gangi upp en eru einhverjar líkur á því?
 - JÞ: Aðgangskort sem veita aðgang allan sólarhringinn gætu kannski verið dæmi um þjónustu sem er umfram lögbundið hlutverk skólans, eða nákvæmlega þá þjónustu sem skólinn verður að veita og gæti því fallið undir þetta skrásetningargjald - en það þarf að skoða.
- RÞ: Bókfærðan kostnað? Fer þetta til okkar?
 - J: Í umræðunni um skrásetningargjöld hefur komið fram að þa urenni ekki í heild sinni til HÍ, skv. uppl. J frá HÍ þá er það misskilningur. Skrásetningargjöldin séu í raun dregin frá framlagi ríkisins til skólans per nemanda.
- IAS: Þetta er lögbundið með 75 þús? Gætu þau eitthvað hækkað um 10 þús eða 5 þús?
 - J: Nei því það er ekkert svigrúm umfram 75þús í lögunum
- ÞE: Meginreglar sé sú að opinberframlög: Lagaákvæðið segir að þetta sé til viðbótar við framlög?
 - J: Já þar af leiðandi væri skrýtið ef þessi frádráttur sée að eiga sér stað - en þetta þarf að skoða nánar.
- LG: Var að spá hversu líklegat sé að þetta fari í gegn? Hækkunin verði?
 - J: Metur það þannig að ef allir rektorarnir skrifa undir plagg þá hafi Lilja ekki marga aðra pólitíska kosti en að samþykkja. Nema ða við mótmælkum hart.
- AE: Hefur það verið rætt síðustu tvö ár hvort þessar forsendur séu löglegar.
 - J: nei
- ÁJ: Ef það á bara að keyra þetta í gegn; þarf ekki þá að fara með þetta í dómsmál?
 - J: Umbi er ekki dómsmál. En það er alveg hægt að skoða það.
- IAS: Það er aldrei verið að fara gefa umba puttann og segja: Hey nei þetta er ekki svona.
 - J: HÍ gerði það nánast með 15% álagningu á skrásetningargjöldin sem umbi er nú þegar búinn að segja að séu ekki í lagi.
- SV: Er það bara Lilja sem þarf
 - J: Lilja og svo Bjarni.
- IAS: Er til úrskurðanefnd málefna ríkisins?
 - J: Nei HÍ er bara eitt stjórnslustig og því er ekkert annað að gera en að fara með þetta til umba.
- Leggur til kosningar breytingatillaga tilgreini ártal?
 - *Einróma*
- Yfirlýsing í heild sinni
 - *Einróma*

Hlé 18:00-18:10

Samgöngumál í HÍ og tillögur starfshóps um bílastæðamál 18:10-19:00

- Þann 25. febrúar nk. var formleg kynning frá framkvæmda og tæknisviði á opnum stúdentafundi um tillögurnar þar sem 7 studentaráðsliðar höfðu óskað eftir slíkum opnum fundi. SHÍ liðar voru sérstaklega hvattir til að mæta þangað. Tillögurnar eru þó einnig í fundargögnum..
- Málafnið var einnig til umræðu hjá háskólaráði á fundi ráðsins 6. feb sl.:
 - *“Fyrir fundinum lágu drög að tillögu starfshóps um samgöngu- og bílastæðamál á háskólasvæðinu, þ.m.t. um mögulega gjaldtöku og samgöngupassa. Rektor og Daði Már, sem á sæti í starfshópnum, gerðu grein fyrir málinu og var það rætt.*
 - *– Samþykkt að senda tillögudrögin til umsagnar fræðasviða, skipulagsnefndar háskólasvæðisins, Stúdentaráðs og samstarfsstofnana og fyrirtækja sem aðsetur hafa á svæði Háskólans. Að því búnu gangi starfshópurinn frá tillögu sinni sem komi í kjölfarið til umfjöllunar og afgreiðslu í háskólaráði.”*
- Á fundi með rektor þann 19. febrúar ræddum við nánar ferli umsagnarinnar og ferli málsins. Við vorum sammála um að þar sem þörf er á lagabreytingu til þess að gera þessar breytingar að veruleika er ólíklegt að þær komist í gegn fyrir næsta ár. Þó framkvæmda og tæknisvið sé enn með þá stefnu að ná því fyrir þann tíma. Ég hafði tjáð bæði honum og Sigríði að mér þætti óþægilegt hve skamman tíma stúdentar fengu til að fara yfir tillögurnar og ná sem mestu samráði um þær. Við rektor vorum sammála um að drög að umsögn, drög að samantekt athugasemda eða samantekt fyrstu viðbragða væri fullnægjandi fyrir febrúarlök til þess að háskólaráð gæti tekið umræðuna áfram með sjónarmið stúdenta inni umræðunni.
- Mikilvægt að hlusta á upplýsingafundinn sem þið fenguð póst með í gær - tilgangur hans var að gefa kynningu á hvað þessi tillaga starfshóps HÍ um samgöngumál snýst um. Ef þið hafið ekki tók á að hlusta eru glærurnar frá fundinum inni gögnunum OG fundargerð fundarins í möppunni "Opinn stúdentafundur 25. febrúar".
- Í möppunni Gögn til upplýsinga eru svo tölfræðiupplýsingar og gögn úr könnunum oþh sm hafa verið framkvæmd á svæðinu
- Í skjalinu "Drög að umsögn" er málið stuttlega rakið og er að finna 3 punkta sem skrifstofa SHÍ fann til út frá stefnu Stúdentaráðs og svo fjóra punkta til viðbótar út frá athugasemdum sem komu fram á opna stúdentaráðsfundinum.

Drög að umsögn Stúdentaráðs Háskóla Íslands vegna tillögu að fyrirkomulagi gjaldtöku á bílastæðum Háskóla Íslands frá starfshópi um framtíðarskipan samgöngu- og bílastæðamála á háskólasvæðinu

xx. febrúar 2020

Þann 11. febrúar 2020 fékk Stúdentaráð Háskóla Íslands tölvupóst þar sem fram kom að háskólaráð hafi rætt tillögur starfshóps um framtíðarskipan samgöngu- og bílastæðamála á háskólasvæðinu. Háskólaráð hafi samþykkt að senda tillögudrögin til umsagnar Stúdentaráðs ásamt fleiri umsagnaraðila. Stjórn Stúdentaráðs var upplýst um málið og í kjölfarið sendu sjö stúdentaráðsliðar forseta Stúdentaráðs póst þar sem óskað var eftir opnum stúdentafundi þar sem tillögur starfshóps háskólans yrðu kynntar fyrir öllum þeim stúdentum við skólann sem vilja. Fundartími var ákveðinn 25. febrúar 2020 klukkan 12-13. Á fundinn kom Sigríður Sigurðardóttir, formaður starfshópsins og sviðsstjóri framkvæmda- og tæknimála sem kynnti tillögur hópsins. Auka Stúdentaráðsfundur var svo haldinn vegna málsins þann 26. febrúar. Var það stefna ráðsins að taka sem mest tillit til þeirra sjónarmiða sem fram komu á opna stúdentafundinum daginn áður. Er eftirfarandi samantekt á þeim athugasemdum auk sérstakra athugasemda sem Stúdentaráð gerir út frá stefnu ráðsins:

Athugasemdir Stúdentaráðs:

- 1) Stúdentaráð fagnar tilkomu strætópassa fyrir stúdenta og aukið aðgengi stúdenta að almenningssamgöngum. Ráðið leggur þó til að H-passi (háskólapassi) verði U-passi (umhverfispassi). Háskólapassi stúdenta bendir til þess að um sé að ræða skólaskírteini eða skólakort í byggingar háskólans. Umhverfispassi leggur hins vegar áherslu á eitt meginmarkmiða samgöngukortsins sem er að minnka mengun og bílaumferð og stuðla að umhverfisvænni samgöngumáta. Þá er hugtakið kunnulegt erlendum nemum og nemendum við HÍ þar sem U-PASS er strætókort með meiru erlendis, sem veitir ótakmarkaðan aðgang að strætó- og lestarkerfum sem og afslætti í önnur kerfi. Er það meðal ástæðna þess að U-passi er eitt af stefnumálum umhverfis- og samgöngunefndar SHÍ. Stúdentaráð hefur nú þegar tryggt stúdentum afslátt í deilihjólaleiguna Donkey Republic og hefur leitað leiða hjá Hopp til að gera slíkt hið sama vegna rafmagnshlaupahjóla. Stúdentaráð gæti tryggt áframhald þess til stúdenta með U-passa í samráði við umrædd fyrirtæki og fleiri sem munu koma til.
- 2) Stúdentaráð gerir athugasemd við tillögu um framkvæmd á útbýtingu þeirra passa í bílastæði sem dreifa þurfi til nemenda sem að mati SHÍ þurfi sérstaklega að taka tillit til. Um er að ræða fjórða punkt undir liðnum “Annað” í tillögum hópsins. Stúdentaráð

telur fýsilegra að ráðið leggi til þá hópa sem þurfi undanþágur í bílastæði. Útbýting þeirra verði hins vegar í höndum þjónustuborðs, framkvæmda- og tæknisviðs eða náms- og starfsráðgjafar skólans. Að öllu óbreyttu hefur Stúdentaráð ekki burði eða starfskrafta til að bæta þessu verkefni við störf skrifstofu ráðsins.

- 3) Stúdentaráð hvetur sérstaklega til þess að nemendum standi til boða að kaupa bílastæðakort sem gildi í styttri tíma, svo sem misseriskort eins og fram kemur undir liðnum “Annað”. Fjöldi stúdenta útskrifast í febrúar og eru því ekki heilt skólaár í skólanum síðasta ár sitt. Yrði þeirra hagsmunum betur borgið með misserispassa fyrirkomulagi.
- 4) Viðbót?Fleira?

Athugasemdir Stúdentaráðs eftir opinn stúdentafund

- 1) Gæta þarf að útfærslu á því hvernig strætókort fyrir erlenda nema verða tryggð, enda eru þeir margir hverjir ekki komnir með kennitölu við nýskráningu í skólann. Tryggja þarf að erlendir nemandar án kennitölu geti engu að síður fengið strætókortið.
- 2) Bent er á að til staðar eru afslættir á árskortum í strætó fyrir öryrkja og ætti því skólinn ekki að þurfa að niðurgreiða hærra gjald fyrir þá stúdenta en sem nemur afsláttarkjörunum þegar að framkvæmdinni kemur.
- 3) Mikilvægt er að landsbyggðarleiðirnar séu hafðar með í að tryggja þeim samgöngupassa sem hentar, enda má gera ráð fyrir því að t.d. í rúmlega 27.000 manna byggð á Suðurnesjum sé þónokkuð af Háskólanemum. Eins og staðan er í dag er mjög óhagstætt fyrir t.d. íbúa í Reykjanesbæ að ferðast í skólann með strætó, enda er farið yfir 4 gjaldsvæði (4 miðar á 1920 kr aðra leið) og kostar árskortið 306.800 kr.
- 4) Mikilvægt er að innleiðingu samgöngukorts fylgi betri almenningssamgöngur. Þá er hvatt til þess að þrýsta á strætó til þess að prófa þetta með háskólanum í lengri tíma en aðeins eitt ár, eins og oft er með tilraunaverkefni.

- Fara yfir það sem kom fram í gær. Rétt að snerta á þessu.
- Sigríður Sigurðardóttir formaður hópsins sem skrifaði tillöguna.
- Ragna: ef maður á rafmagnsbíl - gilri þetta sama þá?
 - J: Kann að verða hluti af undanþágum sem er komið inná aðeins á eftir

- J: Útfærsla er bara það þannig að það er liður sem þú hakar í við skrásetningu
- KL: Er suðurnesin inn í þessu?
 - Ræðum það líklega á eftir.
-
- AC: Er að þæla í varðandi þetta afþ'vi að þetta er náttúrulega drög að umsókn - eru þetta réttar tölur?
 - Við munum double tjecca þær áður en þær fara úr
- KL: Verður ekki nágrannasveitafélögum bætt við?+
 - Það þarf líka ða ræða undir punktunum

Fyrsti punktur:

- ÁE: HÍ er nú þegar að borga undir 40 þúsund fermetra af bílastæðum til að borga undir einkabílionn við viðhald á bílastæðum.
 - J: Það kom fram á upplýsingafundinum í gær með Sigríði frá framkvæmda og tæknisviði að það er verið að borga með þeim sem koma á bílum
- EB: Með u-passann - Væri til í taka fram í markaðsetningu á kortinu þegar það verður að veruleika að benda á allt sem þessu fylgir t.d. að taka inn líka næturstrætó og zip car.
- AE: Þarf ekki reglugerðarbr. mögulega lagabreytingu? Væri þá kannski ekki hægt að ná inn fyrir skrásetningu - Að leggja samt áherslu á að þetta komi samt og verði samt í boði fyrir stúdenta?
 - Breytingartillögu þess efnis komið fyrir, að óháð gjaldskyldunni komi Upassinn
- RIR: Voða svipað og það sem eyrún sagði áðan? Nauðsynlegt að þau kjör sem eru í boði fyrir s'tudenta á nemakortum haldi áfram að vera í boði með upassanum. Tillaga: "Nauðsynlegt að þeim kjörum sem stúdentum stendur nú þegar til boða í nemakortum verði enn í boði í nýjum U-Passa. Næsturstræto og aðgangur að Zipcar er mikil kjarabót fyrir stúdenta. Sömuleiðis væri heppilegt ef slík kjör væru innifalin í kortum fyrir nema sem búa á landsbyggðinni og fá kort í landsbyggðarstrætó."
 - ÁJ: Ekki heppilegt heldur frekar "mikilvægt"

Punktur 2:

- EB: Mikilvægt hvað þetta eru margir undanþágupassar sem við fáum - við vitum það ekkert? Bæta inni að SHÍ leggi til þá hópa sem eiga að vera undanþegnir?
- RÞ: Koma inná foreldra í undanþágum t.d.
 - J: held okkur gefist ekki tími eða ráðrúm í að fara djúpt ofan í hvað verði að undanþágum, frekar að við leggjum þær til í framhaldinu
- KL: Hvað þýðir útbýting? Geggjáður nýji punkturinn sem var að koma. Eintaklingur sækir um til náms og starfsráðgjafar. eins og í prófum.
 - J: útbýting bara að þau dreifi þeim.
- HLM: Val á þeim sem þurfa, ekki að það séu heilu "hoparnir" sem fá undanþágur. Ekki allir sem falla í ákveðinn hóp.
- AE: Ef að fatlaðastæðum myndi fjölga; þá þarf ekki undanþágu?
 - J: Útfærslan mun alltaf taka tillit til laga um fatlaða og þeirra þörf á bílastæðum
- AC: Svar við því sem Eyrún og fleiri voru að tala um að við sem stúdentaráð eigum að gefa, en það er nokkurn veginn inni upphaflegu tillögunni að SHÍ komi að því að móta hverjir eigi að fá undanþ.

Punktur 3:

- Engar umræður

Aukapunktur?

- ÁJ: Punktur tilviðbótar: “Stúdentar fagnar því að Háskólinn hætti að borga undir óumhverfissvæna fararmáta og byrji að greiða með umhverfissvænum samgöngum á móti. Það að Háskólinn taki jafn róttæka og afdrifaríka ákvörðun til þess að sporna gegn lofstlagsbreytingum er mjög í takt við vilja Stúdentaráðs og fagna stúdentar því að Háskólinn ákveði að vera leiðandi í baráttunni.”
- IAS: Og fagna stúdentar? Segjum Stúdentaráð en ekki allir stúdentar í upphafi.

Athugasemdir eftir opinn fund

- AE: Kom með tillögu um endurorðun
- EB: Fyrsta setning í punkti fjögur? Bæta við Betra kerfi og tíðari ferðir?
- AC: Tekur undir með Eyrúnu að það verði að koma skýrt fram að það er of langt að bíða í tvö ár eftir nýju kerfi? Vill að það komi fram að leiðarkerfi verði bætt?.
- RP: Það er raunverulega verðið á kortum í landsbyggðarstrætó: 306.800.

Kjósa um viðbætur

1. Viðbót í 1. punkt í 1. kafal: ”Nauðsynlegt er að þau kjör sem stúdentum stendur nú þegar til boða í nemakortum verði enn í boði í nýjum U-passa, t.d. næturstrætó og ZipCar sem eru mikil kjarabót fyrir stúdenta. Sömuleiðis er mikilvægt að slík kjör verði innifalin í kortum fyrir nema sem búa á landsbyggðinni og fá kort í landsbyggðarstrætó.”

1. *adda situr hjá*
2. *Allir aðrir samþykkir*

2. Viðbót í punkt 1 í 1. kafla ”Stúdentaráð leggur einnig áherslu á að samgöngukort geti komið til strax, þrátt fyrir að reglugerð um gjaldskyldu komi ekki til, enda mun það vonandi draga úr umferð og notkun einkabílsins af hálfu stúdenta”

Bergþóra og Adda

Allir aðrir samþykkur

Viðbót í punkti 2 í kafla 1. “ líkt og tíðkast með undanþágur fyrir próf.”:

Samþykk

Einróma

Viðbót í lok punktar 2 í kafla 1: “Stúdentaráð leggur til að ráðið komi að útfærslu á vali á þeim sem þurfa á undanþágum í bílastæði að halda, þegar frekari útfærsla undanþágupassa er orðin ljós.”

Adda situr hjá

Allir aðrir samþykkir

Viðbótarpunktur í lok kafla 1: “Stúdentaráð fagnar því að Háskólinn hætti að borga undir óumhverfissvæna fararmáta og byrji að greiða með umhverfissvænum samgöngum í staðinn. Það að Háskólinn taki jafn róttæka og afdrifaríka ákvörðun til þess að sporna gegn lofstlagsbreytingum er mjög í takt við vilja Stúdentaráðs og fögnum við því að Háskólinn ákveði að vera leiðandi í baráttunni.”

Sitja hjá: Derek, Ingveldur

Móti Adda, Bergþóra

Aðrir samþykkir

Umorðun á punkti 3 í kafla 2 um athugasemdir SHÍ eftir opinn stúdentafund: “Tryggja ætti stúdentum frá sveitarfélögum í nágrenni við höfuðborgarsvæðið, m.a. Reykjanesbæ, Hveragerði og Akranesi, ódýrara kort í landsbyggðarstrætó til þess að þessi búbot nýtist ekki aðeins þeim stúdentum sem búsettir eru á höfuðborgarsvæðinu. Árskort á 306.800 kr. í landsbyggðarstrætó er óásættanlegt verð og mun árangur af því að minnka umferð ekki nást ef þessum hópi verður ekki tryggð sambærileg kjör og þeim sem búa á höfuðborgarsvæðinu”

- *Einróma samþykkt*

Viðbót í punkt 4 í kafla 2 um athugasemdir SHÍ eftir opinn stúdentafund: “t.d. tíðari ferðir og betra leiðarkerfi.”

- *Samþykkt*

Punktur 4 í heild sinni í kafla 2 um athugasemdir SHÍ eftir opinn stúdentafund: “Mikilvægt er að innleiðingu samgöngukorts fylgi betri almenningssamgöngur, t.d. tíðari ferðir og betra leiðarkerfi. Þá er hvatt til þess að þrýsta á strætó til þess að prófa þetta með háskólanum í lengri tíma en aðeins eitt ár, eins og oft er með tilraunaverkefni.”
Einróma samþykkt.

Kosning um niðurstöðuna í heild sinni.

Samþykkt

Sitja hjá: Bergþóra Adda

Ingveldur Anna bókun:

Undirritaðri langaði að benda á að með því að setja gjaldskyldu á öll bílastæði mun það bitna lang mest á minnihlutahópum innan Háskólans, t.a.m foreldrum sem stunda nám við háskólann og eru bundin bílum en einnig nemendum sem koma utan af landi og keyra í skólann þaðan alla daga.

Til þess að þetta kerfi verði sem skilvirkast þarf að betur umbæta leiðarkerfi strætó til muna, það þarf að fjölga ferðum og auka stoppistöðvar umhverfis háskólans. Ekki er nóg að Háskóli Íslands bjóði strætókort á 5000kr ef það mun ekki nýtast sem flestum. SHÍ þarf að standa vörð um réttindi allra og koma því til skila að huga þurfi að nemendum af landsbyggðinni og að þessi þjónusta sem HÍ ætlar að bjóða upp á nýtist sem flestum en ekki einungis þeim sem búa á höfuðborgarsvæðinu.

Til þess að þetta henti sem flestum þarf þetta að vera vel ígrundað þannig að þetta bitni ekki á minnihlutahópum og verði íþyngjandi. Þetta er óhjákvæmileg þróun að gjaldskylda verði sett á bílastæði skólans útaf loftlagsvánni, en þetta verður að vera gert út frá sjónarmiði allra.

Ingveldur Anna Sigurðardóttir

Vopni fóR: 18:43

Önnur mál;

- EB og RK að koma og kynna.

Reykjavík 26. febrúar 2020

Flutningsaðilar:
Ragna Kristín Guðbrandsdóttir
Eyrún Baldursdóttir

T I L L A G A

Við undirritaðar leggjum til að Stúdentaráð þrýsti á stjórn Heilbrigðisvísindasviðs að samræma reglur um klínískt nám á sviðinu svo að viðveruskylda nemenda sé hvergi hærrí en 90%. Þessar breytingar eru til þess fallnar að auka jafnrétti til náms og tryggja veikindaréttindi á við það sem tíðkast á vinnumarkaði.

Rökstuðningur

Mikil umræða hefur verið undanfarið um kulnun í námi og starfi hjúkrunarfræðinga og annarra heilbrigðisstétta. Á sama tíma hefur vöntun á menntuðu heilbrigðisstarfsfólki til starfa aldrei verið meiri. Því er það skylda háskólans að sporna við brottfalli úr námi á sviðinu ásamt því að gera það að eftirsóttum kosti fyrir stúdenta og væri hærrí veikindaréttur stórt skref í rétta átt.

EUROSTUDENT könnunin frá 2018 sýnir að mun fleiri námsmenn á Íslandi eru foreldrar en í Evrópu, við vinnum mun meira samhliða námi og algengasta ástæða þess að íslenskir stúdentar fresta námi er vegna fjárhagsáhyggja. Eins hafa nýjar íslenskar rannsóknir sýnt fram á kulnun í námi og starfi hjúkrunarfræðinga og bága andlega líðan íslenskra stúdenta.

Í stefnu Háskóla Íslands 2016-2021 er jafnrétti til náms eitt af þremur megin gildum sem skólinn vill hafa að leiðarljósi. Með því að hafa samræmdar reglur um mætingarskyldu í klínísku námi svo hún verði að hámarki 90% væri jafnrétti til náms aukið. Meiri sveigjanleiki fyrir nemendur sem glíma við líkamleg eða andleg veikindi, veikindi barna og aðrar óviðráðanlegar aðstæður eru mikilvægir þættir þess að stula að auknu jafnrétti og gera nám á heilbrigðisvísindasviði meira aðlaðandi.

- Derek: Langar að hrósa fyrir þess tillögu hún er frábært og hann vissi ekki að þetta væri svona. Þið eruð yndilegar
- AE: Þetta er mjög sjálfsagt framhald af tillögunni sem við samþykktum í síðustu viku um kjarabaráttu hjúkrunafræðinga.
- LG: Sjáið þið fram á að þetta komist í gegn?
 - EB: Það var fréttamaður sem hringdi í hana og ræddi við hana hjá Fréttablaðinu um mætingarskylduna, það kunni að vera viðbótarþrýstingurinn sem þurfi til þess að það breytist amk eitthvað

Kosning;

Einróma samþykkt

Bókfærð mál

- Eitt bókfærð mál um nefndarskipti liggur fyrir fundinum, sjá fundargögn.

1 Bókfærð mál - skipti í félagslífs og menningarnefnd

26. febrúar 2020

Úr nefndinni segir sig fulltrúi Vöku, Hrafnhildur Lára Ingvarsdóttir. Í stað hennar tilnefnir Vaka Derek T. Allen.

Flutningsaðili: Azra Crnac